

1. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn fimmtudaginn 21. nóvember 2019 í fjarfundakerfinu Zoom.

Fundurinn hófst kl. 10:00.

Á fundinn eru mættir Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Gauti Jóhannesson, Bergþóra Birgisdóttir, Þorbjörg Sandholt, Hildur Þórisdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Aðalheiður Borgþórsdóttir.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

1. Undirbúningsstjórn

Yfirlit yfir helstu verkefni undirbúningsstjórna skv. sveitarstjórnarlögum lagt fram. Sveitarstjórnir hafa skipað fulltrúa í undirbúningsstjórn og falið stjórninni að gera tillögu að verklagi við val á nafni og merki fyrir nýtt sveitarfélag og hefja vinnu við undirbúning bókhalds-og upplýsingakerfa.

Eftirfarandi hafa verið valdir til setu í undirbúningsstjórn.

Borgarfjarðarhreppur

- Helgi Hlynur Ásgrímsson
- Jakob Sigurðsson
- Jón Þórðarson

Til vara:

- Elísabet D. Sveinsdóttir
- Eypór Stefánsson
- Jón Sigmar Sigmarsson

Djúpavogshreppur

- Bergþóra Birgisdóttir
- Gauti Jóhannesson
- Þorbjörg Sandholt

Til vara:

- Ásdís Hafrún Benediktsdóttir
- Kári Snær Valtingoer
- Kristján Ingimarsson

Fljótsdalshérað

- Anna Alexandersdóttir
- Björn Ingimarsson
- Kristjana Sigurðardóttir

Til vara:

- Gunnar Jónsson

- Hannes Karl Hilmarsson
- Stefán Bogi Sveinsson

Seyðisfjarðarkaupstaður

- Aðalheiður Borgþórsdóttir
- Hildur Þórisdóttir
- Vilhjálmur Jónsson

Til vara:

- Elvar Snær Kristjánsson
- Rúnar Gunnarsson
- Þórunn Hrund Óladóttir

Stjórn skipti með sér verkum og var Björn Ingimarsson valinn formaður hópsins og Róberti falið að rita fundargerðir.

Lagt var til að þeir stjórnmalalistar í sveitarfélögunum sem ekki eiga sæti í undirbúningsstjórn fái að tilnefna áheyrnarfulltrúa á fundum undirbúningsstjórnar. Samþykkt samhljóða.

2. Verkefnisáætlun

Róbert fór stuttlega yfir verkefnin framundan og lagði fram grófa tímalínu verkefnisins frá nóvember 2019 til júní 2020.

Ákveðið að miða við að kjördagur til nýrrar sveitarstjórnar verði 18. apríl 2020 og tekur tímalína verkefnisins mið af þeirri dagsetningu.

Ákveðið að koma þeim upplýsingum á framfæri við sveitarstjórnir.

Þá kynnti hann tillögu að uppbyggingu verkefnisins. Í tillögunni felst að undirbúningsstjórn til aðstoðar og ráðgjafar verði framkvæmdahópur og starfshópar. Umfjöllun um starfshópa og verkefni þeirra fór fram undir dagskrárlið 3.

Hlutverk framkvæmdahópsins verði að vinna og undirbúa verkefni milli funda undirbúningsstjórnar. Í þeim hópi verði bæjar- og sveitarstjórar ásamt verkefnisstjóra.

Ákveðið var að undirbúningsstjórn hittist annan mánudag í mánuði. Verkefnisstjóra falið að boða fundi fram í tímann.

Verkefnisstjóra var falið að vinna drög að verkefnisáætlun fyrir næsta fund og sækja um framlag í Jöfunarsjóð sveitarfélaga.

Formanni var falið að semja við ráðgjafa í uppsetningu fjárhagsbókhalds með það að markmiði að þeirri vinnu ljúki fyrir áramót.

Verkefnisstjóra var falið að fá aðstoð lögmanns við að stilla upp tillögu að Samþykkt um stjórn og fundarsköp sem verði kynnt á næsta fundi.

Verkefnisstjóra og formanni falið að senda bréf á stjórnir samstarfsverkefna og nágretta sveitarfélög þar sem upplýst er að undirbúningsstjórn hafi tekið til starfa. Farið verði fram á að stjórnir þeirra verkefna fjalli um breytingar sem þarf að gera á fyrirkomulagi eða samþykktum samstarfsverkefna vegna sameiningarinnar og upplýsi undirbúningsstjórnina.

3. Starfshópar

Róbert kynnti hugmyndir um uppbyggingu og verkefni starfshópa. Umræða um hvernig skuli ramma inn hlutverk hópanna, kostnað og fundafyrirkomulag. Róberti var falið að vinna nánari tillögu fyrir næsta fund.

Fulltrúar í starfshópum verða að mestu starfsfólk sveitarfélaganna, en mögulega þarf að bæta inn fólki utan starfsmannahópsins til að fá upplýsingar.

4. Samráð við starfsfólk

Róbert sagði frá samráðsfundi með starfsfólki bæjarskrifstofa og stjórnendum sem fram fór á Hótel Héraði miðvikudaginn 20. nóvember. Á fundinn mættu um 80 starfsmenn frá öllum sveitarfélögunum fjórum.

Fyrir fundinum liggur glærुकyning sem farið var yfir og hugmyndir og ábendingar starfsmanna varðandi verkefnið framundan. Verkefnisstjóra var falið að fara yfir ábendingarnar og taka tillit til þeirra við gerð verkefnisáætlunar.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 11:00